



## Áfangalýsing ML

<b>Titill</b>	Menning og samfélag
<b>Námsgrein:</b>	danska
<b>Viðfangsefni:</b>	Menning og samfélag í Danmörku
<b>Skammstöfun:</b>	DANS2MB05
<b>Prep:</b>	2
<b>Einingafjöldi:</b>	5
<b>Lýsing:</b>	Í áfanganum er lögð áhersla á að efla alla færniþætti tungumálsins hjá nemendum, efla sjálfsöryggi þeirra í að tjá sig munnlega og skriflega um þá efnisþætti sem verið er að vinna með og þannig byggja upp sérhæfðan orðaforða. Áfram er lögð áhersla á að efla kunnáttu í námstækni tungumálanáms með áherslu á að nýta hjálpargögn á réttan hátt, vinna sjálfstætt og nota gagnrýna og skapandi hugsun. Nemendur kynnist danskri menningu og samfélagi með fjölbreyttum verkefnum í gegnum kvikmyndir, fjölmiðla, talað mál, lestur og hlustun. Aukin áhersla verður lögð á samstarf við danska skóla og að kynnst danska framhaldsskólakerfinu
<b>Forkröfur:</b>	DANS2MO05
<b>Þekkingarviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>dönsku þjóðlífi og menningu og hvernig danska opnar aðgang að norræna menningarsvæðinu (menntun og atvinnulífi)</li><li>að beita mismunandi lestraraðferðum eftir tilgangi lesturs hvort heldur er bókmenntatextar, fræðslu- og fréttagreinar og eða textar af neti</li><li>orðaforða og orðasamböndum sem gerir nemandanum kleift að skilja fræðilega texta sem og daglegt mál, hvort heldur er um þekkt eða nýtt viðfangsefni að ræða málvenjum, uppsetningu og skipulagi ritaðs mál og hvernig velja skal heimildir.</li></ul>
<b>Leikniviðmið:</b>	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"><li>nýta á markvissan en gagnrýnan hátt viðeigandi hjálpargögn til að efla eigin málfærni (t.d. notkun gervigreindar og annarra hjálparmiðla af neti)</li><li>skilja talað danskt mál við mismunandi aðstæður</li><li>tjá sig munnlega og skriflega um efni sem tengist viðfangsefni</li><li>lesa fjölbreytta texta um ólík efni og beita þeim lestraraðferðum sem</li></ul>



	<p>henta hverju sinni</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• rita texta af ólíkum gerðum; styttri texta (starfsumsókn, auglýsingu, umfjöllun um skáldsögu eða kvikmynd, sendibréf o.s.frv.) og lengri texta svo sem bókmenntaritgerð eða aðra fræðilega ritgerð þar sem leita skal heimilda og nota þær</li><li>• flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir nemendur og kennara</li><li>• beita meginreglum danskrar málfræði og setningafræði í töluðu og rituðu máli</li><li>• rökræða í ræðu og riti og beita gagnrýninni hugsun þar sem skoðanir hans koma skýrt fram, með orðaforða sem byggir á viðfangsefni</li></ul>
<b>Hæfniviðmið:</b>	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefni</li><li>• skilja daglegt mál svo sem samræður og fjölmiðlaefni</li><li>• skilja inntak erinda og annars flóknara efnis sem hann hefur kynnt sér</li><li>• afla sér upplýsinga úr margvíslegum rituðum textum svo sem blaðagreinum, bókmennta- eða fræðitextum</li><li>• styrkja eigin málfærni t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar</li><li>• draga eigin ályktanir af textum og setja þær fram bæði munnlega og skriflega</li><li>• taka þátt í daglegum samræðum við fólk sem hefur dönsku að móðurmáli</li><li>• skiptast á skoðunum og tjá hugmyndir sínar á áheyrilegan hátt</li><li>• halda undirbúnar kynningar fyrir áheyrendur</li><li>• skrifa læsilega og málfræðilega rétta lengri texta um valið efni á persónulegan og skapandi hátt</li></ul>
<b>Námsmat</b>	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.